

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Gásagustur á Holtamannaafrétti.*

Deiliskipulagið tekur til fjallaselsins Gásagustar á Holtamannaafrétti. Í deiliskipulaginu er afmörkuð ein lóð fyrir mannvirki. Heimilt er að byggja 3 hús og getur heildarbyggingarmagn verið allt að 300 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir gistingu í 2-3 skálum og að heimilt sé að vera með aðstöðu fyrir landvörð, upplýsingar og fræðslu um friðland Þjórsárvera. Gisting getur verið fyrir 30 gesti. Heimilt er að nýta mannvirki allt árið. Núverandi mannvirki verða fjarlægð. Skipulagssvæðið er um 3,7 ha.

Samþykkt í hreppsnefnd 20. september 2023.

*Deiliskipulagsbreyting, Lækjartún II, nýjar iðnaðarlóðir.*

Með deiliskipulagsbreytingunni er 5 lóðum bætt við austan við lóð tengivirkis. Á nýjum lóðum er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað. Með breytingunni stækkar skipulagssvæðið úr ríflega 2 ha í um 8 ha.

Samþykkt í hreppsnefnd 20. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 8. nóvember 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 22. nóvember 2023